



Stjórnarfundur DSÍ 7. febrúar 2024 kl. 21. Haldinn í íþróttamiðstöðinni í Laugardal, aðstöðu DSÍ.

Mættir: Helga Björg Gísladóttir formaður, Atli Már Sigurðsson, Ólafur Már Hreinsson, Kara Arngrímsdóttir mætti kl. 21.35, Árni Sigurgeirsson, Þórunn Anna Ólafsdóttir og Svava H Friðgeirsdóttir

Forföll:

Gestir:

1. Landsliðsmál – Yfirferð á landsliðsreglum

Umræður um hvort og þá hvernig ætti mögulega að vera skipting í landsliðum. Í dag er skiptingin: landslið og ungir og efnilegir. Ætti vera landslið A og B? Rætt um skipulag og umgjörð í kringum landslið s.s. skipulagðar æfingar, landsliðsþjálfara, fyrirlestra, reglulegar æfingar fyrir landsliðshópinn s.s. 1x mánuði, hóptíma, og einkatíma.

Ákveðið að bæta við reglulegum hópæfingum. Landsliðsnefnd skipuleggur dagsetningar. Formaður hefur samband við formann landsliðsnefndar.

Umræða um **Professional Dancers (PD)** og hvort að þau séu partur af landsliðinu fari þau sem fulltrúar Íslands á evrópu- og heimsmeistaramót. Séu þau partur af landsliðinu þarf að setja umgjörð um það. Samþykkt að PD væri inn í landsliðið af öllum en ÓMH sat hjá.

Vegna **móta- og keppnisreglur** þarf að útbúa nýjan lið vegna þessa – Atli tekur að sér að koma með tillögu um breytingu.

Ungir og efnilegir – úrslit í unglingum 1 ásamt þeim þörum sem dansa til úrslita í unglingum 2 en fara ekki í landsliðið. Venjulegast eru það 6 þör pr. Latin og pr. Ballroom. Komi til þess að fleiri séu í úrslitum þá fara þau þör líka í Unga og efnilega. Þarf að vera með reglulegar æfingar fyrir þennan hóp og fyrirlestra. Undirbúningur fyrir það sem koma skal. Allir samþykkir þessu fyrirkomulagi.

2. Styrktarmál

Erum að kalla eftir fundi með Kára og Brynju/Vésteini varðandi styrki frá ÍSÍ / Afrekssjóði. Formaður mun senda út fundarboð.

Styrkir til ólöggráða. Flug fyrir dansara + 1 forráðamaður. En Par fær flug x2 forráðamenn. Ekki verður þá greitt kr. 50 þús fyrir þjálfara. Samþykkt með fyrirvara um óbreyttar styrkveitingar um styrk frá Afrekssjóði.

Umræða um styrktar samninga við dansara. Þarf að gera slíkt form þar sem að fjallað er m.a. hvernig er borgað, hvenær og meðal þess kvaðir eru til þeirra sem hljóta styrki. ÓMH ætlar að skoða fyrri samningsform og athuga með hvort að það séu til stöðluð form frá ÍSÍ / Afrekssjóði.

3. Erindi frá dansdeild HK

Erindið tekið fyrir. Ósk um að Börn I sóló fái að keppa upp fyrir sig í 4+4 dansa í börn II. Beiðni hafnað.

Kominn tími til að endurskoða keppendareglur í Börnum.

4. Erindi frá DÍK

a) Dömuriðlar – Fyrirspurn um hvort að dömur sem dansa saman geti dansað í blönduðum flokki. Ákveðið að bera undir danskennara.

b) Keppnir séu haldnar á einum degi í stað tveggja daga. Ákveðið að skoða málið varðandi næstu mót en ekki hægt að verða við þessu varðandi febrúarmótin en skoðað varðandi mótin í mars og apríl.

5. Önnur mál

- a) Rætt um beiðnir frá keppendum sem vegna aðstæðna, s.s. vegna ferminga eða annarra íþróttakeppna, óska eftir tilfærslu á tímatöflu eða flokka á milli daga. Voru stjórnarmenn sammála að taka þyrfti vel í þessar beiðnir og að keppnisstjóri myndi hafa samband við keppendur í flokknum hvort að breyting á tímatöflu væri samþykkt.
- b) Formannafundur – Ákveðið að stefna að fundi bráðlega. Formaður tekur að sér að finna tíma.
- c) Siðareglur og framkoma foreldra á samfélagsmiðlum og umræða þeirra á milli. Rætt var almennt um að það sé ekki íþróttinni til sóma að neikvæð umræða foreldra/forráðamanna í garð íþróttafélaga og þeim sem þar starfa. Ákveðið að formaður hafi samband við félög sem borið hefur á þessu og ræði þessi mál.
- d) Dómaramál. Dómarar hafa yfirleitt ekki komið til að dæma oftár en á tveggja ára fresti. Það er þó þannig að upp getur komið staða að því verði ekki viðkomið og því komi sömu dómarar ár eftir ár. Þurfum að hafa þetta í huga að því að það sé gert.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið kl. 23:30

Fundagerð ritaði Svava Halldóra Friðgeirsdóttir